

# GJALDSKRÁ

## fyrir Reykhólahöfn.

### I. KAFLI

#### Gildissvið.

##### 1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Reykhólahöfn, sem er í eigu Reykhólahrepps.

### II. KAFLI

#### Um hafnagjöld.

##### 2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu (brt) skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

##### 3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

##### 4. gr.

#### Lestargjöld.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 14 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðsla lestargjalds eru varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

##### 5. gr.

#### Bryggjugjöld.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 5 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 76 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 8.561 á mánuði. Bátar minni en 20 brt greiði þó aldrei lægra en kr. 5.665 á mánuði. Frístundabátar minni en 10 brt greiði lágmarksgjald 1.417 kr. fyrir hálfan mánuð en kr. 2.833 fyrir mánuð. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

##### 6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjölnum á land eða úr landi á skipsfjölnum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

##### 7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

##### 8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald. Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarahöfn.

## 9. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

## 10. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farneigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

## 11. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

## Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 228 fyrir hvert tonn: Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 436 fyrir hvert tonn: Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 472 fyrir hvert tonn:
  - a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda smurningsolíur, sjávarafurðir sem og landbúnaðarafurðir
  - b) Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
  - c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.
4. fl.: Gjald 1,60%: Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 4.679 kr. fyrir hvert tonn. Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 131.

## 12. gr.

## Vigtargjald.

Vigtargjald kr. 252 pr. tonn, lágmarksvigtun kr. 458 pr. tonn.

Útkall vigtarmanns kr. 14.288.

Yfirvinna kr. 3.572 pr. klst. frá kl. 17.00 – 8.00.

## 13. gr.

*Farþegagjald.*

Heimilt er að taka farþegagjald við komu og brottför fyrir hvern fullorðinn farþega og hálf gald fyrir hvert barn sem fer um höfnina aðra en farþega ferja og flóabáta sem njóta styrks samkvæmt vegalögum. Hafnarstjórn ákveður gjöld fyrir aðra þjónustu hafnarinnar samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum.

## 14. gr.

*Sorpeyðing.*

Gjald fyrir sorpeyðingu reiknast miðað við brúttótonnatölu skipa og báta og er eftirfarandi:

0-10 brt	kr. 1.374 pr./mán.
11-20 brt	kr. 1.833 pr./mán.
21-100 brt	kr. 4.123 pr./mán.
101-200 brt	kr. 5.382 pr./mán.
> 201 brt	kr. 12.597 pr./mán.
Sorpeyðing fyrir einstaka losun	kr. 5.726 hvert skipti.

Fristundabátar eru undanþegnir gjaldinu skv. 13. gr.

## 15. gr.

*Vatnssala.*

Gjald fyrir vatn afgreitt frá bryggju er miðað við brúttótonnatölu skipa og báta eða innheimt skv. áætluðu magni og er eftirfarandi:

Áætlað magn	kr. 229 pr. tonn.
0-10 brt	kr. 745 pr./mán.
11-20 brt	kr. 1.488 pr./mán.
21-50 brt	kr. 2.234 pr./mán.
51-100 brt	kr. 2.978 pr./mán.
101-200 brt	kr. 3.722 pr./mán.
Afgreiðslugjald að degi	kr. 3.722
Afgreiðslugjald á yfirvinnutíma	kr. 7.443

## 16. gr.

*Festargjöld.*

Festargjald við komu	7.788 kr.
Festargjald við brottför	7.788 kr.

## 17. gr.

*Rafmagn.*

Rafmagnssala til skipa og báta er skv. taxa rafveitu með 10% álagi.

## 18. gr.

*Kranagjald.*

Kranagjald skal greitt skv. eftirfarandi:

- Fristundabátar og fley:
  - < 20 hífingar á 4.580 kr. á ári.
  - 21-40 hífingar á 9.160 kr. á ári.
  - > 40 hífingar á 13.740 kr. á ári.
- Kranagjald smábáta 458 kr. fyrir hvert byrjað tonn.
- Kranagjald grásleppubáta 4.008 kr. pr. mán.

## 19. gr.

*Hafnarverndargjald.*

Gjald vegna hafnarverndar er eftirfarandi:  
Fastagjald kr. 31.263

Öryggisgæsla:

a) Dagvinna pr. klst. kr. 3.722

b) Yfirvinna pr. klst. kr. 7.443

### III. KAFLI

#### Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

20. gr.

Skrifstofa Reykhólahrepps sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu sveitarfélagsins. Á öll gjöld í gjaldskrá þessari leggst 24% VSK að undanskildu farþega-gjaldi, sbr. 12. gr. og þjónustu við erlend skip. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

21. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteininum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

22. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu.

Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

23. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

### IV. KAFLI

#### Gildistaka.

24. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Reykhólahöfn er sett með heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 56/2014.

*Reykhólahreppi, 8. janúar 2015.*

**Ingibjörg B. Erlingsdóttir** sveitarstjóri.